

AGASTEUFNA BREIÐDALS- OG STÖÐVARFJARÐARSKÓLA

EFNISYFIRLIT

Skólareglur.....	2
Hlutverk.....	4
Hlutverk nemenda er:	4
Hlutverk kennara og starfsmanna er:.....	4
Ferill agamála.....	5
Nemandi fer ekki eftir skólareglum	5
Nemandi kemur of seint í kennslustund.....	5
Nemandi vinnur ekki í tímum	5
Nemandi vinnur ekki heimavinnu.....	6
Nemandi les ekki heima.....	6
Nemandi hótar eða beitir starfsmann skólans ofbeldi.....	6
Nemandi lendir í slagsmálum við annan nemanda.....	7
Stöðluð bréf v/heimalesturs.....	8
Stöðluð bréf v/heimanáms	9
Stöðluð bréf v/mætingar í tíma	10
Stöðluð bréf v/sund- og íþróttafatnaðar	11

SKÓLAREGLUR

Skólareglur Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

- Nám er vinna nemenda og til þess að sú vinna skili árangri ber sérhverjum nemanda að taka tillit til annarra og virða vinnufrið í kennslustundum. Nemendur skulu stunda námið af samviskusemi og sinna heimanámi samkvæmt fyrirmælum kennara. Það er á ábyrgð þeirra sjálfra og foreldra að því sé sinnt.
- Heimili og skóla ber að brýna stundvísi fyrir börnum. Nemendum ber að mæta stundvíslega í skólann með þau gögn og áhöld sem til er ætlast, þar með talin íþróttaföt og sundföt. Verði forföll ekki tilkynnt samdægurs af forráðamanni nemanda verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Leyfi skulu forráðamenn sækja um rafrænt í gegnum Mentor með góðum fyrirvara og foreldrar skulu bera ábyrgð á að námi sé sinnt á meðan leyfi stendur. Sé það ekki gert breytist leyfið í fjarvist.
- Við göngum snyrtilega um skólann og skólalóðina.
- Ætlast er til að nemendur fari út á leikvöll í stundahléum og þar mega ekki aðrir leikir fara fram en þeir sem teljast hættulausir í margmenni.
- Háreysti og hlaup á göngum eru bönnuð.
- Notkun reiðhjóla, hjólabretta og línuskauta er bönnuð á leikvelli í stundahléum.
- Snjókast í frímínútum er óheimilt, nema á ákveðnu svæði á skólalóðinni og með samþykki þeirra sem taka þátt.
- Notkun snjalltækja er með öllu óheimil í búningsklefum, að öðru leyti vísast í „Reglur um snjalltæki nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar“.
- Nemendur eiga ekki að fara út af skólalóð á skólatíma án heimildar.
- Óheimilt er að vera með sælgæti og gosdrykki/orkudrykki á skólatíma.
- Nemendur eiga ekki að hafa með sér peninga eða önnur verðmæti í skólann að þarflausu. Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum nemenda.
- Skólinn útvegar nemendum nauðsynlegar kennslubækur og ritföng þeim að kostnaðarlausu. Nemendur og forráðamenn þeirra bera ábyrgð á þessum gögnum og verða að kaupa ný gögn ef þau glatast á einhvern hátt.
- Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil í og við skóla og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglur skólans með nemendum sínum sem og að kynna forráðamönnum reglurnar.

Hegðun er annars vegar ásættanleg og eðlileg og hins vegar óásættanleg. Þarna á milli er dregin marklína sem við nefnum “Skýr mörk“ og eiga þau að stuðla að auknu öryggi.

Mörkin okkar eru:

- Ekkert ofbeldi né einelti.
- Engin vopn né vímuefni.
- Engar ógnanir, ögranir eða hótanir við neinn í skólasamfélaginu.
- Engin skemmdarverk eða þjófnaðir.
- Engin mismunun, t.d. vegna uppruna, fötlunar, kyns o.s.frv.

Fari nemandi yfir þessi skýru mörk er málinu vísað til stjórnenda og foreldrar/forráðamenn upplýstir um málið og óskað um leið eftir að þeir taki þátt í lausn þess.

Við alvarleg agabrot getur komið til brottvísunar án áminningar. Komi brottvísun til framkvæmda eiga nemandi og forráðamenn hans rétt á andmælum samkvæmt 13. grein stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

HLUTVERK

HLUTVERK NEMENDA ER:

- að fylgja og virða reglur skólans
- að virða eigur skólans og annarra
- að sýna tillitssemi og umburðarlyndi
- að vera ábyrgir gagnvart eigin námi
- að stuðla að jákvæðum skólabrag þar sem einelti þrífist ekki
- að fylgja því námsefni sem fyrir þá er lagt
- að tileinka sér góð vinnubrögð
- að fylgja fyrirmælum kennara og starfsfólks
- að koma vel undirbúnir til starfa og læra eftir bestu getu
- að hlusta á og virða sjónarmið annarra nemenda og starfsfólks
- að láta vita ef illa gengur eða ef vanlíðan gerir vart við sig

HLUTVERK KENNARA OG STARFSMANNA ER:

- að stuðla að þægilegu starfsumhverfi sem leiðir til öryggis og vellíðunar
- að leiðbeina nemendum eftir bestu getu
- að aðstoða nemendur við að afla sér þekkingar
- að koma með ábendingar um mætingar og hegðun nemenda, jákvæðar sem neikvæðar.
- að hafa í huga mismunandi getu, þarfir og aðstæður nemenda og sjá til þess að þeir fái verkefni við hæfi.
- að eiga gott samstarf við nemendur og forráðamenn þeirra um farsæla skólagöngu
- að framfylgja reglum skólans
- að gæta jafnréttis
- að stuðla að jákvæðri ímynd skólans út á við
- að stuðla að jákvæðum skólabrag þar sem einelti þrífst ekki
- að koma fram af virðingu

FERILL AGAMÁLA

NEMANDI FER EKKI EFTIR SKÓLAREGLUM

Afleiðing:

1. Allir starfsmenn skrá í Mentor þegar þeir standa nemanda að því að brjóta/fara ekki eftir skólareglum.
2. Umsjónarkennari kallar foreldra til sín ef hann telur málið þess eðlis.
3. Umsjónarkennari getur kallað eftir fundi með stjórnendum, foreldrum/forráðamönnum ef annað hefur ekki sýnt árangur.

NEMANDI KEMUR OF SEINT Í KENNSLUSTUND

Afleiðing:

1. Allir kennarar skrá í Mentor þegar nemandi mætir of seint. Umsjónarkennari kannar ástundun vikulega.
2. Nemandi mætir fimm sinnum eða oftar of seint í kennslustund. Umsjónarkennari sendir staðlað bréf með áminningu heim.
3. Hafi foreldrar/forráðamenn fengið áminningu þrisvar sinnum þá er málinu vísað til skólastjórna

NEMANDI VINNUR EKKI Í TÍMUM

Afleiðing:

1. Allir kennarar skrá í Mentor þegar nemandi sinnir ekki vinnu í tímum.
2. Nemandi fær tækifæri til þess að vinna upp óunna verkefnavinnu.
3. Umsjónarkennari kallar foreldra til sín ef hann telur málið þess eðlis.
4. Umsjónarkennari getur kallað eftir fundi með stjórnendum, foreldrum/forráðamönnum ef annað hefur ekki sýnt árangur.

NEMANDI VINNUR EKKI HEIMAVINNU

Upplýsingar um heimavinnu er hægt að finna í skólakompu hjá umsjónarkennurum og Mentor hjá faggreinakennurum.

Afleiðing:

1. Allir kennarar skrá í Mentor þegar nemandi sinnir ekki heimavinnu.
2. Nemandi skilar ekki heimavinnu í þrjú skipti óháð kennara. Umsjónarkennari fer yfir mikilvægi þess að sinna heimanámi og tilkynnir foreldrum.
3. Nemandi sinnir ekki heimavinnu þrátt fyrir að foreldrum/forráðamönnum hafi verið gert viðvart. Eftir fimm skipti þá er fundur með umsjónarkennara, foreldrum/forráðamönnum og nemanda.
4. Komi sú staða upp að ofangreindar verklagsreglur beri ekki árangur verður málinu vísað til nemendaverndarráðs.

NEMANDI LES EKKI HEIMA

Gert er ráð fyrir að nemendur allra bekkja lesi heima fimm sinnum í viku.

Afleiðing:

1. Kennarar skrá í Mentor þegar nemandi sinnir ekki heimalestri.
2. Nemandi les ekki heima í átta skipti (tíu skipti í 8. – 10. bekk). Fyrsta bréf fer heim til foreldra/forráðamanna.
3. Nemandi les ekki heima í 16 skipti (20). Annað bréf fer heim. Stjórnendur kalla foreldra/forráðamenn til fundar.

NEMANDI HÓTAR EÐA BEITIR STARFSMANN SKÓLANS OFBELDI

Afleiðing:

1. Tilkynna atvikið til stjórnanda og trúnaðarmanna.
2. Hafa samband við foreldra viðkomandi nemanda og segja frá hegðun hans. Ef atvikið er alvarlegt er nemandanum komið í hendur foreldra.
3. Skrá atburðinn formlega og undantekningarlaust.
4. Skólastjórnandi tryggir að viðkomandi starfsmanni sé boðin viðunandi aðstoð og hvetur

hann til þess að fá áverkavottorð ef þess þarf.

5. Tilkynna atburðinn til viðeigandi aðila, lögreglu og/eða barnaverndar, ef við á. Slíkt er afar mikilvægt ef um er að ræða alvarlegan atburð til að tryggja að allir aðilar máls eigi kost á réttlátri málsmeðferð. Það er einnig mikilvægt varðandi bótarétt ef einhver slasast.

NEMANDI LENDIR Í SLAGSMÁLUM VIÐ ANNAN NEMANDA

Afleiðing:

1. Tilkynna atvik til umsjónarkennara.
2. Atvik er skráð í Mentor og foreldrum send tilkynning.
3. Umsjónarkennar/kennarar ræða við nemendur og sjá hvort hægt sé að vinna málið í samstarfi við nemendur og finna farsæla lausn á því.
4. Umsjónarkennari kallar eftir fundi með stjórnendum, foreldrum/forráðamönnum ef annað hefur ekki sýnt árangur.

Bt. Foreldra/forráðamanna

V/heimalesturs – Bréf 1

Hér með vitnast að X hefur ekki lesið í 8 (10) skipti heima á þessari önn.

Það er okkar einlæga von að úr verði bætt.

Umsjónarkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

V/heimalesturs – Bréf 2

Hér með vitnast að X hefur ekki lesið í 16 (20) skipti heima á þessari önn.

Fljótlega munu skólastjórnendur hafa samband og funda með ykkur.

Umsjónarkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/heimanáms – Bréf 1

Hér með vitnast að X hefur ekki skilað heimavinnu í þrígang. Rætt hefur verið við nemanda af undirrituðum. Það er okkar einlæga von að ekki þurfi að grípa til fleiri aðgerða varðandi heimavinnu.

Skili nemandi ekki í tvígang í viðbót á þessari önn mun umsjónarkennari kalla til fundar með foreldrum og nemanda.

Umsjónarkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/heimanáms – Bréf 2

X nemandi í Breiðdals-og Stöðvarfjarðarskóla hefur ekki staðið viðunandi skil á heimanámi á þessari önn. Málinu hefur því verið vísað til nemendaverndarráðs.

Umsjónarkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/nemandi mætir of seint í tíma – Bréf 1

Hér með vitnast að X hefur mætt fimm sinnum of seint. Við vonumst til að bætt verði úr þessu.

Mæti nemandi oftari en 15 sinnum of seint á önninni verður málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Umsjónarkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/nemandi mætir of seint í tíma – Bréf 2

Nú hefur bréf farið heim í þrígang um að X mæti ítrekað of seint í tíma. Málinu hefur því verið vísað til nemendaverndarráðs.

Umsjónarkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/nemandi gleymir íþróttafötum – Bréf 1

Hér með vitnast að X hefur gleymt íþróttafötum fimm sinnum. Við vonumst til að bætt verði úr þessu.

Gleymi nemandi íþróttafötum oftar en 15 sinnum á önninni verður málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Íþróttakennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/nemandi gleymir íþróttafötum – Bréf 2

Nú hefur bréf farið heim í þrígang um að X gleymir ítrekað íþróttafötum. Málinu hefur því verið vísað til nemendaverndarráðs.

Íþróttakennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/nemandi gleymir sundfötum – Bréf 1

Hér með vitnast að X hefur gleymt sundfötum fimm sinnum. Við vonumst til að bætt verði úr þessu.

Gleymi nemandi sundfötum oftar en 15 sinnum á önninni verður málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Sundkennari

Bt. Foreldra/forráðamanna

v/nemandi gleymir sundfötum – Bréf 2

Nú hefur bréf farið heim í þrígang um að X gleymir ítrekað sundfötum. Málinu hefur því verið vísað til nemendaverndarráðs.

Sundkennari